

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. (HEF) – Fráveita Múlaþings.

#### 1. gr.

Gjaldskrá þessi er sett í samræmi við 15. gr. í V. kafla laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, og samþykkt fyrir Fráveitu Múlaþings, samþykkt í stjórn HEF þann 30. nóvember 2020.

#### 2. gr.

Eiganda eða réttihafa fasteignar sem tengst getur Fráveitu Múlaþings ber að greiða gjald fyrir tengingu við veituna sbr. 13. gr. V. kafla laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Gjaldið stendur undir kostnaði við tengingar fráveitu og tekur mið af gerð, stærð og lengd tenginga. Með tengigjaldi er innheimt hlutdeild í stofnkostnaði við aðliggjandi fráveitukerfi.

Af öllum nýbyggingum, hvort sem eru á eignar- eða leigulóðum á starfssvæði veitunnar skal greiða tengigjald sem hér segir:

100–150 mm tenging (allt að 20 m löng)	220.700 kr.
150–200 mm tenging (allt að 20 m löng)	266.600 kr.

Þar sem sérstakar aðstæður eru til staðar eða tenging er lengri en 20 metrar skal lóðarhafi greiða raunkostnað við að tengja viðkomandi fasteign við veituna.

#### 3. gr.

Múlaþing innheimtir fráveitugjald af öllum fasteignum á starfssvæði veitunnar, sem tengdar eru eða munu tengjast henni, sbr. 14. gr. V. kafla laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Fráveitugjaldið, ásamt öðrum tekjum fráveitunnar stendur undir rekstri hennar.

Árlegt fráveitugjald í Múlaþingi er 0,32% af fasteignamati fasteigna og lóða.

#### 4. gr.

Ekki eru í gildi reglur um niðurfellingu eða afslátt á tengi- eða fráveitugjaldi veitunnar.

#### 5. gr.

HEF annast tæmingu rotþróa í eigu fasteignaeigenda á starfssvæði veitunnar annaðhvert ár. Gjaldið er miðað við raunkostnað við hreinsun, urðun seyru og umsjón með verkinu.

Árlegt gjald í Múlaþingi fyrir hreinsun hveirrar rotþróar:

< 4,5 rúmmetrar	19.700 kr.
4,5–6,5 rúmmetrar	28.300 kr.

#### 6. gr.

Komi fram beiðni um eða ef nauðsynlegt er að tæma rotþró sérstaklega, skal greiða sérstakt gjald með 70% álag á árlegt hreinsunargjald. HEF er einnig heimilt að innheimta sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til að um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu rotþróa eða þegar sérstakar aðstæður krefjast aukinnar þjónustu. Miðað er við að gjaldið endurspegli þann raunkostnað sem af verkinu hlýst.

#### 7. gr.

HEF innheimtir tengigjöld. Gjaldldagi þeirra er við útgáfu reiknings og er eindagi 15 dögum síðar.

Múlaþing innheimtir fráveitugjald og gjald fyrir tæmingu rotþróa með fasteignaskatti og eru gjald dagar þeir sömu og gjald dagar fasteignaskatts.

Fráveitugjaldi og tengigjaldi ásamt innheimtukostnaði og vöxtum fylgir lögveðsréttur í fasteigninni í tvö ár frá gjald daga. Lögveð þetta gengur fyrir eldri sem yngri sammings- og aðfararveðum og yngri lögveðum. Ef hús brennur eftir að fráveitugjald eða heimædargjald gjaldfellur er sami for-

gangsréttur í brunabótafjárhæð fasteignarinnar. Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds.

Ofangreind gjöld hafa verið uppreiknuð frá síðustu gjaldskrá skv. breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar til desember 2020 sem er 149,2 stig.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af stjórn HEF skv. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, 30. nóvember 2020, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 2021. Jafnframt falla úr gildi eldri gjaldskrár fráveitu Fljótsdalshéraðs nr. 583/2016, Djúpavogshrepps nr. 391/2015, Seyðisfjarðarkaupstaðar nr. 415/2020 og Borgarfjarðarhrepps staðfest á fundi sveitarfélagsins 4. nóvember 2019, en óbirt. Einnig fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa í dreifbýli Borgarfjarðarhrepps nr. 98/2016.

*Múlaþingi, 30. nóvember 2020.*

**Aðalsteinn Þórhallsson** framkvæmdastjóri HEF.

---

B-deild – Útgáfud.: 22. desember 2020